



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og samgöngusvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 03.01.2011
Tilvísun: 201012-1031

Efni: Einstefna á Suðurgötu

Svar lögreglu við ósk Reykjavíkurborgar um auglýsingu lögreglustjóra um heimild til einstefnuaksturs á Suðurgötu með þeirri undantekningu að heimilt verði að hjóla til norðurs á þar til gerðum hjólastíg. (Hjólarein.)

Það er mat lögreglu að merkingar á Suðurgötu, eins og þær nú eru, séu ófullnægjandi að sumu leyti og í nokkrum tilfellum villandi.

Nokkur dæmi skulu hér nefnd:

1. Innakstur til norðurs Suðurgötu er bannaður samkvæmt umferðarmerki á horni Suðurgötu og Skothúsvegur en umferð reiðhjóla heimiluð samkvæmt undirmerki. Slík notkun undirmerkis er að mati lögreglu villandi þar sem óljóst er hvort og þá í hvaða átt aka má reiðhjólum sbr. síðan lið 2 hér að neðan.
2. Einstefnumerki er á Suðurgötu nokkuð sunnan Kirkjugarðsstígs fyrir umferð til suðurs Suðurgötu með samskonar undirmerki og lýst er í lið 1, „nema reiðhjól“. Væntanlega er þarna átt við, með undirmerkinu, að einstefna til suðurs eigi ekki við um reiðhjól og umferð reiðhjóla í þá átt sé því óheimil. Þó má finna, í yfirborðsmerkingu á vestari akrein Suðurgötu, reiðhjól til marks um að þar megi hjóla.

Umferðar- og yfirborðsmerkingar þarna eru til þess fallnar að skapa óöryggi fyrir ökumenn þar sem erfitt er að átta sig á hvaða umferð er heimiluð á þessum vegarkafla.

3. Vegna staðsetningar einstefnumerkis á Suðurgötu sunnan Kirkjugarðsstígs byrjar einstefna ekki á horni þessara gatna eins og má ætla að eigi að vera. Merking þessi er því framkvæmd af nokkurri léttúð að því er virðist.
4. Óbrotin lína er við íbúðarhús milli Skothúsvegur og Kirkjugarðsstígs og afmarkar svokallaða hjólarein. Óheimilt er að aka yfir línuna nema nauðsyn beri til, sem gerir notkun hennar vafasama með tilliti til aksturs að og frá þessum húsum.

5. Engar afgerandi merkingar er að finna á þessum vegarkafla, frá húsi nr. 24 við Suðurgötu að Vonarstræti, gefa til kynna að einstefna á Suðurgötu sé orðin að tvístefnu. Reiðhjólamaður sem þarna á leið um býr því við falskt öryggi.

Framangreint skapar óvissu fyrir ökumenn og þar með hættu. Í því ljósi hafnar lögregla framkomnu erindi.

Reykjavík, 3. janúar 2011

Geir Jón Þórisson
Yfirlögreluþjónn

Ljósmyndir af vettvangi



Innakstur bannaður nema, samkvæmt undirmerki, akstur reiðhjóla. Óbrotin lína afmarkar "reiðhjólarein".



Einstefnumerki á Suðurgötu skammt frá Kirkjugarðsstíg. Undirmerki „nema reiðhjól“.



Sama merki og hér að framan en annað sjónarhorn. Einstefnan hefst ekki fyrr en við skiltið. Vinstra megin glittir í merkingar er virðast eiga að afmarka reiðhjólarein. Hún sést lítt eða ekki í snjó og slík rein er ekki til í umferðarlögum eða reglugerðum. Í yfirborðsmerkingu vegar má sjá reiðhjól sem gefur til kynna að þarna megi hjóla.



”Reiðhjólarein” á Suðurgötu. (Hugtakið reiðhjólarein er ekki til í lögum eða reglugerðum.)



Á þessum vegarkafli, frá húsi nr. 24 við Suðurgötu að Vonarstræti hefur einstefna endað án þess að reiðhjólamañni sé gert það ljóst með afgerandi hætti.